

Símafundur í svæðisstjórn Vatnajökulspjóðgarðs haldinn 24. apríl 2009.

Mætt: Elín Heiða Valsdóttir, Leifur Þorsteinsson, Sigurður Skúlason, Ólafía Jakobsdóttir, Erla Ívarsdóttir, Kári Kristjánsson, Ingibjörg Eiríksdóttir og Eydís Þ. Indriðadóttir sem ritaði fundargerð. Þórður Ólafsson sat fundinn undir 4. og 5. lið.

Elín Heiða formaður svæðisstjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Samþykkt fundargerð svæðisráðsfundar 20 janúar 2009

2. Staða á verndaráætlun fyrir Vestursvæði - kynning frá Ingibjörgu Eiríksdóttur starfsmanni Háskólaáttursins á Höfn.

Kynnt verkáætlun og fundarröð með vísindamönnum og hagsmunaaðilum.

3. Stofnun samstarfshóps um skipulag og uppbyggingu á Jökulheimasvæðinu og í Vonarskarði.

Skipulag og uppbygging í Vonarskarði og Jökulheimum

Stofnaður er samstarfshópur sem mun leggja fram tillögur að skipulagi og uppbyggingu á því svæði sem tilheyrir Vatnajökulspjóðgarði í Jökulheimum og Vonarskarði.

Í hópnum eiga sæti, Eydís Indriðadóttir oddviti Ásahrepps og fulltrúi í svæðisráði Vestursvæðis, Ingibjörg Eiríksdóttir fulltrúi háskólaátturs Hornafjarðar sem vinnur að Verndaráætlun fyrir Vestursvæði, Sigþrúður Stella Jónsdóttir sem vinnur að verndaráætlun fyrir norðursvæði og starfsmenn þjóðgarðsins Hjörleifur Finnsson, Kári Kristjánsson og Ketill Sigurjónsson. Eydís Indriðadóttir mun kalla hópinn saman og stýra vinnu hópsins.

Verkefni hópsins:

- * Móta tillögur að aksturs- og gönguleiðum um Vonarskarð og á Jökulheimasvæðinu.

- * Fjalla um skipulag á svæðinu.

- * Hópurinn hefur samráð við hagsmunaaðila s.s. sveitarfélögin sem hafa skipulagsmál svæðisins á sinni könnu og félagasamtök s.s. Gæsavatnafélagið, Ferðafélag Ísl. og Jöklarannsóknarfélagið.

Samstarfshópurinn mun vinna tillögur að skipulagi á svæðinu sumarið 2009. Hópurinn mun halda saman minnispunktum eða fundargerðum um sína vinnu og tillögur hópsins verða í lok sumars kynntar fyrir svæðisráðum Vestur- og norðursvæðis.

Ákveðið að vinnuhópurinn fundi með stýrihópi vegna endurskoðunar aðalskipulags í Ásahreppi klukkan 10.00, 20. maí n.k. á Laugalandi.

4. Landvarsla á Vestursvæði sumarið 2009

Auglýst hefur verið eftir landvörðum og rúmlega 150 umsóknir bárust. Á vestursvæði verða ráðnir 2 landverðir fyrir utan landvörð í Laka, Kára Kristjánsson. Þjóðgarðsvörður hefur yfirumsjón með ráðningu landvarða á hverju svæði fyrir sig. Einn aðili verður ráðinn til þess að hafa umsjón með suðurhluta svæðisins. Starfsstöðvar yrðu Hólaskjól og Hrauneyjar. Gert er ráð fyrir að starfsemin hefjist í Hrauneyjum í byrjun júní. Einn landvörður verður á vegum þjóðgarðsins í Nýjadal allt tímabilið. Leggja þarf áherslu á að vanda val landvarða á hálendinu eins og kostur er. Lögð hafa verið drög að leigu á bíl sem hentar aðstæðum á svæðinu. Í tillögu að fjárlagagerð ársins 2010 verður gert ráð fyrir einni stöðu landvarðar til viðbótar á svæðinu.

5. Önnur mál

a) Minnt á að bóka þarf að haldinn var kynningarfundur á Kirkjubæjarklaustri 3. febrúar á vegum Háskólasetursins á Höfn þar sem Háskólasetrið kynnti stöðu mála varðandi gerð verndaráætlunar á Vestursvæðinu.

b) Svæðisráðið býður nýjan þjóðgarðsvörð Ketil Sigurjónsson velkominn til starfa og stefnir að fundi með honum við fyrsta tækifæri.

c) Bent á að æskilegt væri að þjóðgarðsvörður kynnti sig og starfsemi garðsins meðal ferðaþjónustuaðila á svæðinu.

d) Stefnit er að útgáfu á bæklinga bæði fyrir garðinn í heild sinni og Vestursvæðið í sumar en beðið er endalegrar ákvörðunar um svæðið í kringum Langasjó til þess að hægt sé að ljúka þeirri vinnu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 11.35.